

Mánudaginn 13. september 1993.

Nr. 314/1993. **Líkkistuvinnustofa Eyvindar Árnasonar sf.**
 gegn
Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma.

Kærumál. Frávísunardómur felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 7. júlí 1993, sem barst réttinum 4. ágúst 1993. Hann krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur að taka málið til efnislegrar meðferðar. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar, að því er varðar frávísun málsins, en jafnframt, að sér verði dæmdur málskostnaður í héraði svo og kærumálskostnaður.

Fyrir Hæstarétt hefur sóknaraðili lagt nýtt sönnunargagn, greinargerð Stefáns D. Franklín, löggilts endurskoðanda, en rökstuðningur með kröfugerð í stefnu er reistur á þeirri greinargerð.

Varnaraðili styður frávísunarkröfu sína því, að málatilbúnaður sóknaraðila sé andstæður 18. gr., 24. gr., 60. gr. og 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 100. gr. sömu laga, og meginreglum réttarfars um skýran og greiðan málflutning, og telur hann kröfur sóknaraðila ekki dómtækar.

Sóknaraðili mótmælir því, að málatilbúnaður sinn sé vanreifaður og andstæður lögum um meðferð einkamála og meginreglum réttarfars. Reynt hafi verið að sýna fram á tjón sóknaraðila eftir haldbærum upplýsingum, m. a. ársskýrslum og ársreikningum varnaraðila og skattframtölum og ársreikningum sóknaraðila. Endurskoðandi hafi unnið að undirbúningi kröfugerðar, og liggi útreikningar hans frammi í málinu.

Sakarefni þetta er ekki undan lögsögu dómstóla skilið, og er því réttilega beint að varnaraðila.

Héraðsdómari taldi, að „nauðsynlegt hefði verið að fá dómkvadda sérfróða og óvilhalla matsmenn til að láta í ljós álit sitt á

kröfunum“. Úr því hefði mátt bæta, og var héraðsdómara rétt að láta það til sín taka, samanber 2. og 3. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991, áður en hann vísaði málinu frá héraðsdómi. Að þessu athuguðu og þar sem eigi verður séð, að málatilbúnaður sóknaraðila sé að öðru leyti með þeim annmörkum, að varða skuli frávísun málsins, ber að fella hinn kærða dóm úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið til efnisúrlausnar.

Rétt þykir, að varnaraðili greiði sóknaraðila 50.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur, og er lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Varnaraðili, Kirkjugarðar Reykjavíkurpófastsdæma, greiði sóknaraðila, Líkkistuvinnustofu Eyvindar Árnasonar sf., 50.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 1. júlí 1993.

Málið er höfðað með stefnu, birtri 30. desember sl.

Stefnandi er Líkkistuvinnustofa Eyvindar Árnasonar sf., kt. 430269-4969, Vesturhlíð 3, Reykjavík.

Stefndi er Kirkjugarðar Reykjavíkur, kt. 690169-2829, Suðurhlíð, Reykjavík.

Stefnandi krefst þess aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 53.618.000 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, og skal upphafsdagur vaxta vera mánuði eftir þingfestingu málsins, er var 7. janúar sl. Til vara er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða 45.857.500 kr. með framangreindum dráttarvöxtum. Til þrautavara er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða 34.732.000 kr. auk dráttarvaxta, og til þrautaprautavara er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða aðra og lægri fjárhæð að mati dómsins með dráttarvöxtum, eins og að framan greinir. Þá er krafist málskostnaðar.

Stefndi krefst aðallega frávísunar og málskostnaðar.

Málið var flutt um frávísunarkröfuna 23. júní sl. og tekið til úrskurðar í framhaldi af flutningnum.

Af framansögðu má ljóst vera, að kröfugerð stefnanda er ekki svo skýr sem nauðsynlegt er, til að dómur verði réttilega á málið lagður. Nauðsynlegt

hefði verið að fá dómkvadda sérfróða og óvilhalla matsmenn til að láta í ljós álit sitt á kröfunum. Jafnvel þótt dómariinn kveddi til sérfróða meðdómsmenn, myndu þeir ekki geta bætt úr annmörkunum á málatilbúnaði stefnanda án þess að fara verulega út fyrir starfssvið sitt, og dygði ekki til, þar eð margt af því, sem stefnandi byggir á, er áætlað og stutt líkum, sem ekki er unnt að sannreyna. Málatilbúnaður stefnanda er því ekki í samræmi við lög um meðferð einkamála nr. 19/1991, og er því óhjákvæmlegt að vísa málinu frá dómi, en eftir atvikum þykir mega fella málskostnað niður.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Málinu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.
